


Vertu hjartanlega velkomin/n í frístundaheimilið þitt, Bifröst!

Hér leikum við okkur og gerum allskonar skemmtilega hluti



FJÖLBREYTILEIKI-TRAUST-SAMVINNA-GLEÐI



Sjáumst á frístundaheimilinu!



FRÍSTUNDAHEIMILIÐ MITT

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ
BIFRÖST

Þegar skólinn er búinn kemur þú á frístundaheimilið klukkan 13:00 í bygginguna sem er beint á móti skólanum þínum.

Þú byrjar á því að ganga frá útifötunum þínum í hólf sem er merkt þér. Starfsmaður tekur á móti þér og skráir þig inn. Það er mjög mikilvægt að láta vita að þú sért komin/n til okkar.

Því næst ferðu að valtöflunni.
Á valtöflunni getur þú valið allskonar rými sem eru í húsinu, eins og Flækjukot, Bókaklefann, Hjartarými, Listakot og útiveru. Áður en skipt er um rými er mikilvægt að allir krakkarnir hjálpist við að ganga frá.



Síðdegishressingin hefst milli klukkan 14:30 og 15:00 í hjartarýminu.

Mikilvægt er að allir krakkarnir þvoi sér um hendurnar áður en þeir fá sér að borða. Í síðdegishressingu borða krakkarnir allskonar góðgæti, eins og brauð, flatkökur, skonsur, grænmeti og ávexti.

Þegar síðdegishressingin er búin  getur þú valið annað rými á valtöflunni sem þú vilt fara í eða verið áfram á sama stað.

Í lok dags munum við eftir að skrá okkur út hjá starfsmanni.



## BÓKAKLEFINN



Í Bókaklefanum er hægt að lesa og skoða fjölbreyttar bækur og haft rólega og notalega stund

## HJARTARÝMI



Í Hjartarými er hægt að spila, lita, perla og lesa bækur

## LISTAKOT



Í Listakoti er hægt að föndra ýmislegt spennandi og vinna þemaverkefni

## BETRI STOFAN



Í Betri stofunni er í boði að spila í Playstation, rólega stund og spjall

## LEIKBORG



Í Leikborg er hægt að leika sér með allskonar eins og lego, playmo, lestarbraut, bílar, kubbar og fleira

## FLÆKJUKOT



Í Flækjukoti er hægt að föndra og gera handavinnu